



Væntanlega kemst geirfuglinn í verðugt skjól.

## Íbúðir aftur byggðar á Höfn í Hornafirði

Fjórum lóðum fyrir íbúðarhús var úthlutað í sumar á Leirusvæðinu á Höfn í Hornafirði og er bygging þess fyrsta hafin. Það eru nýmæli því samkvæmt upplýsingum byggingafulltrúa eru um fimmtán ár frá því að íbúðarhús var byggt á Höfn.

Í fyrra var steipt upp íbúðarhús á Breiðabólstað í Suðursveit en byggingu þess er ekki lokið. Ný lögreglustöð er í byggingu og lokið

er við byggingu löndunarhúss á Óslandsbryggju. Þá hefur verið samþykkt stækkun á þjónustuhúsi við Flosalaug í Svínafelli í Örafum.

Stærsta framkvæmd síðustu ára í Hornafirði er sundlaugin sem tekin var í notkun í vor en tengibyggingu er ólokið milli hennar og Heppuskóla.

Þetta kemur fram á vefnum [www.rikivatnajokuls.is](http://www.rikivatnajokuls.is).

-gun



Nýtt íbúðarhús er í smíðum á Leirunni á Höfn.

MYND/WWW.RIKIVATNAJOKULS.IS

## Nýtt hús yfir náttúrugripina

Nýjustu tækni verður beitt til að tryggja varðveislu náttúrugripa í eigu Náttúrufræðistofnunar Íslands í nýju húsi hennar á Urriðaholti. Söfnun gripanna nær aftur til ársins 1755 og margir þeirra eru mjög verðmætir og sjaldgæfir.

Áformað er að byggingu hússins verði lokið í október 2010 og þá geti Náttúrufræðistofnun flutt starfsemi sína í Garðabæinn. Aðgengi að öllum náttúrugripum verður gott og einnig rannsóknaraðstaða.

Arkís hannaði hús Náttúrufræðistofnunar Íslands. Það verður 3.500 fermetrar að stærð og samanstendur af þremur kjörnum sem eru tengdir saman með millibyggingum. Húsið mun standa við Jónasartorg sem heitir eftir Jónasi Hallgrímssyni, einum fyrsta náttúrufræðingi Íslands.

-gun



Víðidalstungukirkja. Ein af níu kirkjum sem smíðaðar voru af Halldóri Bjarnasyni.

## Vígsluafmæli kirkjunnar í Víðidalstungu

Haldið var upp á 120 ára afmæli Víðidalstungukirkju í Húnavatns-sýslu með hátíðamessu í gær.

Hún var á sínum tíma smíðuð af Halldóri Bjarnasyni, reyndum kirkjusmiði úr Borgarfirði sem samtals reisti sjö kirkjur og lagfærði aðrar níu. Auk þess smíðaði hann áttatíu bæi, fjórtán vatnsmyllur og 302 líkkistur á langri ævi. Kirkjurnar hannaði hann sjálfur.

Víðidalstungukirkja er úr timbri og bygging hennar tafðist nokkuð sökum þess að hafís stöðvaði efnisöflun um tíma. Sá sem dró grjót í grunn hét Kristján Jónsson en Þorsteinn Hjálmarsson í Hvarfi smíðaði alla bolta, vinkla og vindhana og skar gler í glugga.

Sjálfr smíði guðshússins hófst í júní 1889 og var kirkjan tilbúin á fimm mánuðum, máluð og fullbúin. Hjörleifur Einarsson prófastur vígði hana 17. nóvember 1889.

Heimild/[www.Feykir.is](http://www.Feykir.is)



# Greiðslujöfnun íbúðalána

- Lán íbúðalánasjóðs verða greiðslujöfnuð frá og með 1. desember 2009
- Áætluð lækkun á mánaðarlegri greiðslubyrði er allt að 17%
- Afbakka þarf greiðslujöfnun fyrir 20. nóvember
- Nánari upplýsingar ásamt tilkynningu um afþökkun er að finna á vefsíðu Íbúðalánasjóðs

[www.ils.is](http://www.ils.is)

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969

  
Íbúðalánasjóður